

45. fundur sveitarstjórnar Fljótshrepps, 08.01 2013, Végarði kl. 13.30

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar, Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Jóhann Fr. Þórhallsson, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson, einnig voru mættar frá Snæfellsstofu, Agnes Brá Birgisdóttir og Ragna Fanney Jóhannsdóttir.

Oddviti setti fund og bauð gesti velkomna. Gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

- 1. Snæfellsstofa , þjóðgarðsvörður Austursvæðis mætir til fundar.**
- 2. Skýrsla oddvita.**
- 3. Samþykktir Fljótshrepps og siðareglur, síðari umræða.**
- 4. Vegaframkvæmdir, samningur við Vegagerðina**
- 5. Drög að tillögu matsáætlunar Kröflulínu 3**
Bréf Eflu verkfræðistofu dags. 05.12 2012
- 6. Endurskoðun aðalskipulags Fljótshrepps**
 - a) Bréf Skipulagsstofnunar dags. 13.12 2012
 - b) Bréf Ferðafélags Fljótshrepps dags. 18.12 2012
- 7. Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðra**
- 8. Almenningsgöngur á Austurlandi , yfirlýsing sveitarfélaga á svæði SSA**
- 9. Bréf**
 - a) Umhverfisstofnun dags. 21.12 2012
 - b) Vinna og virkni / Runólfur Ágústsson , ódags.
 - c) Sókn lögmansstofa dags. 03.12 2012
 - d) Helgi Hallgrímsson dags. 17.12 2012
 - e) Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 27.12 2012
- 10. Umhverfisstyrkir**
Sveinn Ingimarsson , Sturluflöt
- 11. Fundargerðir**
 - a) HAUST 12.12 2012
 - b) Áætlanafærðir í Fljótshrepps 12.12 2012
 - c) Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands 23.11 2012
 - d) Félagsmálanefnd 10.12 2012
 - e) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 30.11 og 18.12 2012
 - f) Aukaaðalfundur Þróunarfélags Austurlands 20.12 2012
 - g) Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 18.12 2012
 - h) Byggingarnefnd Fljótshrepps 18.12 2012

- i) Samtök Orkusveitarfélaga 16.11 2011-20.04 2012-29.06 2012-07.09 2012-14.09 2012-28.09
2012-15.10 2012-23.11 2012

12. Önnur mál.

1. Agnes kynnti starfsemi þjóðgarðsins og rekstur sl. sumars og sagði frá hugmyndum um starfsemi þjóðgarðsins á árinu 2013. Um 9000 gestir komu í Snæfellsstofu á árinu 2012 og stefnt er að á næstu árum verði árlegar gestakomur 15-20000 manns. Agnes ræddi hugmynd um mögulegt samstarf þjóðgarðsins og Fljótsdalshrepps með sumarstarfsmann. Þannig að skipulagðar verði gönguferðir að Hengifossi með leiðsögn og miðlun upplýsinga til ferðamanna þar á svæðinu. 20-30 þús manns ganga upp að Hengifossi á ári hverju, en nokkuð stór hluti þeirra staldrar ekki annars staðar við í Fljótsdal. Sveitarstjórn er ekki mótfallin því að samstarf með þessum hætti verði skoðað nánar, þegar áætlun um kostnað og frekara fyrirkomulag liggur fyrir.
2. **Skýrsla oddvita.** Fljótsdalshreppur, Grímsnes og Grafningshreppur, Skorradalshreppur, Ásahreppur og Hvalfjarðarstrandarsveit gerðu sameiginlega umsögn (athugasemdir) um frumvarp um tekjustofna sveitarfélaga, sem lagt var fyrir Alþingi skömmu fyrir jól. Gerðar voru verulega athugasemdir við frumvarpið og framgang málsins. Ekkert tillit var tekið til athugasemdanna og varð frumvarpið að lögum. Það varðaði heimild til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, til að skerða eða greiða ekki framlög úr sjóðum Jöfnunarsjóðs til þeirra sveitarfélaga sem teljast hafa heildarskatttekjur af útsvari og fasteignaskatti verulega umfram landsmeðaltal. Niðurstaða málsins hefur væntanlega í för með sér að Fljótsdalshreppur nýtur ekki framlaga úr Jöfnunarsjóði, annarra en endurgreiðslu hluta greiddra húsaleigubóta og verður því fyrir verulegri tekjuskerðingu 10-11 millj., strax á árinu 2013. Í ljósi þeirrar niðurstöðu sem varð með samþykkt Alþingis á frumvarpinu, er í umræðu hjá þessum sveitarfélögum að láta lögmann skoða málið frekar t.d. með hliðsjón af gildandi samningum um yfirfærslu verkefna frá ríki til sveitarfélaga.

Sveitarstjórn og lögmaður sveitarfélagsins funduðu með fulltrúum Fljótsdalshéraðs 12. desember sl. á Egilsstöðum. Til umræðu voru ýmis sameiginleg mál s.s. Hallormsstaðaskóli, Brunavarnir á Héraði, sveitarfélagamörk og þjóðlendur á svæðinu.

Heildarkostnaður Fljótsdalshrepps við refa- og minkaveiðar á veiðiárinu 2011-2012 (uppgjörstímabil 01.09 2011-31.08 2012) var 1.020.380,- kr. 10 minkar voru veiddir. Unnin 4 tófugreni. Alls voru unnin 31 dýr (a.m.t. hlaupatófum).

Kristinn Bjarnason lögmaður sveitarfélagsins hafði ekki tók á að sitja ráðstefnu sem Samband orkusveitarfélaga stóð fyrir, en til stóð að hann mætti þar fyrir hönd Fljótsdalshrepps.

Skógræktarfélag Íslands hvetur aðildarfélög sín, sveitarfélög, stofnanir og einstaklinga til að nýta sér þá frjósemi sem lúpína skapar í ófrjósömu landi og rækta skóg í lúpínubreiðum.

Vilhjálmur Jónsson bæjarstjóri Seyðisfjarðarkaupstaðar fór með umboð og atkvæði Fljótsdalshrepps á aukaaðalfundi Þróunarfélags Austurlands. Fundurinn var haldinn á Seyðisfirði 20.12 2012. Halda þurfti aukaaðalfund stofnunarinnar, þar sem lögsmæt mæting var ekki að aðalfundi fyrr í haust. Samþykkt var að slíta formlega starfsemi Þróunarfélagsins, en starfsemin hefur verið flutt inn í Austurbrú ses.

Skólastjórafélag Austurlands hvetur sveitarstjórnir til að skerða ekki fé til símenntunar starfsfólks grunnskóla á Austurlandi.

Innanríkisráðuneytið hefur veitt sveitarfélögum frest til 15. janúar til að afgreiða og skila fjárhagsáætlunum 2013 og þriggja ára fjárhagsáætlunum 2014-2016 til Hagstofunnar. Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps afgreiddi fjárhagsáætlanir 4. desember sl. og bókhaldari sveitarfélagsins sér um að skila áætlunum í rafrænan grunn Hagstofu.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur upplýst sveitarfélög um ný upplýsingalög sem Alþingi hefur samþykkt. Fram kemur að lögin öðlast ekki strax gildi gagnvart sveitarfélögum með íbúafjölda undir 1.000 manns, a.m.k. á það við um ýmis ákvæði laganna sem ekki verða virk gagnvart þessum sveitarfélögum fyrr en 1. janúar 2016, s.s. afgreiðslu mála er varða upplýsingarétt og skyldu til að skrár og listar yfir málgögn verði aðgengileg á vefnum.

Innanríkisráðuneytið hefur auglýst reglur um ritun fundargerða sveitarstjórna og nefnda. Svo er að sjá að fundargerðir Fljótsdalshrepps séu ritaðar í samræmi við reglur ráðuneytisins í öllum meginatriðum

Jón Jónsson lögmaður hefur vakið athygli á álitamáli um veiðar skotveiðimanna í þjóðlendum , þ.e. veiðar án þess að hafa til þess leyfi frá viðkomandi sveitarfélagi.

Samkvæmt mælingum sem gerðar voru sl. vor á farsímasambandi í Fljótsdal sl. vor, er samband víða lélegt og dæmi um svæði sem eru án sambands.

Samkeppniseftirlitið vekur athygli á álitinu nr. 1/2012. Hvatt er til að sveitarfélög gæti að samkeppnissjónarmiðum við útleigu og sölu húsnæðis á vegum hins opinbera.

Borist hafa frá LV skýrslurnar : LV-2012-115 , Hreindýratalningar norðan Vatnajökuls, með myndatöku úr Flugvél 2012 og LV -2012-109, Skráning á landbroti á bökkum Lagarfljóts og Jökulsár í Fljótsdal.

Landsvirkjun boðar til kynningarfundar fyrir íbúa Fljótsdalshrepps 10. janúar. Fjallað verður um vatnaflutninga og mótvægisáðgerðir, landbrot , sauðfjárveikivarnargirðingar o.fl.

3. **Samþykktir Fljótsdalshrepps og siðareglur, síðari umræða.** Farið yfir drög að samþykktum sveitarfélagsins og leiðréttar einstaka villur, að öðru leyti eru drögin samþykkt í heild. Drög að siðareglum yfirfarin og samþykkt. Oddvita falið að senda Innanríkisráðuneytinu samþykktir og siðareglur til staðfestingar.
4. **Vegaframkvæmdir, samningur við Vegagerðina.** Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi samningsdrög við Vegagerð um vegaf framkvæmdir í Fljótsdal 2012/2013 og felur oddvita undirskrift. Sveitarstjórn óskar eftir við Vegagerð að vegur frá Fljótsdalsstöð á Múlaveg utan við Egilsstaði (vegnúmer 9340) verði færður í flokk tengivega. Í dag er vegurinn flokkaður sem landsvegur, gerðar hafa verið miklar lagfæringar á honum og því má reikna með aukinni umferð þar um. Vegurinn er einnig hluti af hringvegi um Norðurdal. Búseta er á Hóli og þuríðarstöðum og engin rök fyrir því að vegurinn sé flokkaður sem landsvegur.
5. **Drög að tillögu matsáætlunar Kröflulínu 3**

Bréf Eflu verkfræðistofu dags. 05.12 2012

Efla verkfræðistofa (fyrir hönd Landsnets) kynnir drög að tillögu að matsáætlun vegna lagningar Kröflulínu 3, frá Mývatnssveit í tengivirki við Fljótsdalsstöð. Framkvæmdirnar fela í sér byggingu nýrrar 220 kV háspennulínu. Í Fljótsdalshreppi er áætlað að leggja línuna samhliða Kröflulínu 2. Í aðalskipulagi Fljótsdalshrepps, sem nú er í endurskoðun er sýnd ný háspennulína, Fljótsdalslína 1 á lagnaleið Kröflulínu 2. Í tillögunni, mynd bls. 13 er línan ekki sýnd lögð niður Valþjófsstaðafjall, en í texta og á kortum er fyrirhuguð lína sýnd við hlið Kröflulínu 2 í u.þ.b. miðja fjallshlíð, þar er svo að sjá að ný lína eigi að krossa Kröflulínu 2, áður en hún liggur að tengivirki við Fljótsdalsstöð.

Vegna sjónrænna áhrifa fyrirhugaðra línu í Fljótsdal er sveitarstjórn andvíg lagningu háspennulínunnar sem loftlínu, á það sérstaklega við frá brún Valþjófsstaðafjalls að tengivirki við Fljótsdalsstöð. Á þeim hluta leiðarinnar yrðu sjónræn áhrif línunnar mjög mikil. Sveitarstjórn hvetur Landsnet til að leita annarra leiða en lagningar loftlínu um þann hluta leiðarinnar.

6. Endurskoðun aðalskipulags Fljótsdalshrepps

- a) Bréf Skipulagsstofnunar dags. 13.12 2012
- b) Bréf Ferðafélags Fljótsdalshéraðs dags. 18.12 2012

Oddviti óskaði eftir að bæta við 2 erindum undir þennan lið, það var samþykkt.

- c) HAUST dags. 02.01.2013
- d) tölvup. dags 07.01.2013 frá þjóðgarðsverði Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs.

Liðir a-d eru umsagnir um matslýsingu endurskoðunar aðalskipulags Fljótsdalshrepps. Samþykkt að vísa umsögnunum til skipulagsráðgjafa, til frekari úrvinnslu.

7. Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðra. Samþykkt að fela oddvita að fá nánari upplýsingar um hvaða verkefni í framkvæmdaáætlun snúa beint að sveitarfélögunum, en eru ekki öðrum falin.

8. Almenningsamgöngur á Austurlandi, yfirlýsing sveitarfélaga á svæði SSA. Samþykkt að fela oddvita að skrifa undir yfirlýsinguna fyrir hönd Fljótsdalshrepps.

9. Bréf

- a) Umhverfisstofnun dags. 21.12 2012. Kynnt. Endurgreiðsla ríkisins vegna minkaveiða á yfirstöðnu uppgjörstímabili kr. 31.532-
- b) Vinna og virkni / Runólfur Ágústsson, ódags. Kynnt.
- c) Sókn lögmannsstofa dags. 03.12 2012. Kynnt. Barri hf. óskar eftir og hefur fengið greiðslustöðvun.
- d) Helgi Hallgrímsson dags. 17.12 2012. Kynnt, meðfylgjandi bréfi Helga er kafli úr uppkasti að Fljótsdalsbók, sem Helgi biður um athugasemdir við. Í bréf Helga kemur einnig fram að bókin er að taka á sig mynd.
- e) Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 27.12 2012. Tilkypping um tilnefningu Sambandsins í starfshóp Umhverfis-og auðlindaráðuneytis um stjórnfyrrkomulag Vatnajökulspjóðgarðs. Tilnefnd eru Stefán Bogi Sveinsson forseti bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs og Gunnþórunn Ingólfssdóttir oddviti Fljótsdalshrepps, fram kemur það þeirra sem ekki verður aðalmaður í starfshópnum verður varamaður hins. Kynnt.

10. Umhverfisstyrkir

Þorvarður vék af fundi vegna vanhæfis og Lárus tók við fundarritun.

Sveinn Ingimarsson , Sturluflöt. Umsókn dags. 7.12.2012 um umhverfisstyrk 2012. Samþykktur hámarksstyrkur.

Þorvarður kom aftur til fundar og tók við fundarritun.

11. Fundargerðir

- a) HAUST 12.12 2012. Kynnt
- b) Áætlanafærðir í Fljótsdal 12.12.2012. Kynnt.
- c) Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands 23.11 2012. Kynnt.
- d) Félagsmálanefnd 10.12 2012. Kynnt.
- e) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 30.11 og 18.12.2012. Kynnt.
- f) Aukaaðalfundur Þróunarfélags Austurlands 20.12 .2012. Kynnt.
- g) Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 18.12 2012. Kynnt.
- h) Bygginganefnd Fljótsdalshrepps 18.12 2012. Í 2. tölulið fundargerðar samþykkir bygginganefnd fyrir sitt leiti, að framlengja stöðuleyfi fyrir vinnubúðir Héraðsverks við Sauðárveitu til 01.11 2013. Staðfest af sveitarstjórn. Í 3. tölulið fundargerðar samþykkir bygginganefnd byggingarleyfi fyrir sitt leiti, fyrir veðursjá á Miðfelli. Staðfest af sveitarstjórn og oddvita og byggingarfulltrúa falið að gefa byggingarleyfið út. Fundargerð byggingarnefndar að öðru leyti lögð fram til kynningar.
- i) Samtök Orkusveitarfélaga 16.11 2011-20.04 2012-29.06 2012-07.09 2012-14.09 2012-28.09 2012-15.10 2012-23.11 2012 Kynnt.

12. Önnur mál.

- a) Greiðsluhluti Fljótsdalshrepps vegna þjónustu lögmanns við umsögn um tekjustofnafrumvarp er kr. 87.850, - Sveitarstjórn samþykkir greiðslu kostnaðarins og er hlynnt því að Fljótsdalshreppur taki áfram þátt í sameiginlegri vinnu við málið.
- b) Jónas Hafþór Jónsson hefur tilkynnt um að hann muni á næstunni flytja lögheimili sitt úr sveitarfélaginu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.50.

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)